

Ársskýrsla Menntaskólans við Sund 2020



Þitt er menntað afl og önd
eigirðu fram að bjóða
hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna góða.

Matthías Jochumson



Í þessari skýrslu fyrir árið 2020 verður gerð örstutt grein fyrir almennri starfsemi Menntaskólans við Sund, bæði kjarnastarfsemi og rekstri. Jafnframt verður farið yfir árangur stofnunarinnar af markmiðssetningu fyrir árið 2020.

Kjarnastarfsemi

Menntaskólinn við Sund veitir nemendum menntun til stúdentsprófs og stuðlar að alhliða þroska nemenda sinna og virkri þáttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda upp á nám við hæfi. Skólinn býr nemendur einnig undir þáttöku í atvinnulífinu og undir frekara nám á háskólastigi. Nemendafjöldi í skólanum er í kringum 700 á ári. Meðalfjöldi nemenda yfir árið 2020 er 689 en flestir voru nemendur á haustönn, 715. Á meðfylgjandi töflu sést hvernig nemendur skiptust á annir.

Nemendafjöldi á önn árið 2020	Vetrarönn 2019-20	Vorönn 2020	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020-21
Allir	670	676	715	695
Piltar	313	319	353	339
Stúlkur	357	357	362	356

Flestir nemendur eru á fyrsta ári og eftirfarandi tafla sýnir skiptingu nýnema/fyrsta árs nema á annir.

Nýnemar/ fyrsta árs nemar árið 2020	Vetrarönn 2019-20	Vorönn 2020	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020-21
Allir	226	244	238	238
Piltar	102	112	122	121
Stúlkur	124	132	116	117

Kennsla og námsframboð

Nemendur geta valið á milli tveggja námsbrauta, félagsfræðabrautar og náttúrufræðibrautar. Innan hvorrar brautar geta nemendur valið um tvær námslínur, félagsfræði og sögu eða hagfræði og stærðfræði á félagsfræðabraut og líffræði og efnafræði eða eðlisfræði og stærðfræði á náttúrufræðibraut.

Í námskrá leggur skólinn áherslu á skapandi nám þar sem einstaklingar fá að njóta sín í verkefnabundnu og samvinnutengdu námi. Nemendur fá tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni í að vinna með hana og hæfni til að nýta þá þekkingu með ólíkum hætti. Lögð er áhersla á að byggja upp námskraft nemenda út frá hugmyndum enska fræðimannsins Guy Claxton, Building Learning Power.


Sóttvarnaraðgerðir vegna Covid19 eru stærsti áhrifavaldurinn í skólastarfi ársins 2020 og hefur starfið einkennst af baráttu samfélagsins alls gegn kórónaveirunni. Framboð á námsefni var í samræmi við stefnu skólans en náms- og kennsluhættir gjörbreyttust. Grunngildi skólans eru virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki og leitaðist skólinn við að halda þau í heiðri sem og það markmið skólans að bjóða nemendum góða þjónustu þrátt fyrir nýjar og óvæntar aðstæður. Á vorönn 2020 lagði skólinn könnun fyrir nemendur til þess að kanna viðhorf og stöðu nemenda í fjarnáminu og höfðu niðurstöður áhrif á kennsluhætti í fjarnáminu.



Í mars 2020 fluttist öll kennsla úr staðkennslu í fjarkennslu til loka skólaársins en listgreinar fengu inni í skólanum í maí. Haustönn 2020 hófst með skertri staðkennslu en tvær kennslustundir í hverjum áfanga voru felldar úr stundaskrá til að koma í veg fyrir blöndun hópa og gefa tóm til að sótthreinsa stofur milli hópa. Þann 6. október fór kennsla í fjarkennslu á ný samkvæmt stundaskrá og var það fyrirkomulag út önnina og einnig á vetrarönn fram að jólaleyfi.

Námsframvinda

Skólaárið er skipulagt á þrjár annir og í samræmi við það geta nemendur sótt um skólavist þrisvar á ári og einnig útskrifar skólinn nemendur þrisvar á ári. Árið 2020 útskrifaði skólinn 181 nemanda. 143 nemendur luku námi á þremur árum eða 9 önnum. Á vetrarönn 2019-20 voru fimm nemendur útskrifaðir, einn þeirra var að ljúka námi eftir 8 annir en fjórir höfðu stundað nám lengur, 3 í 11 annir og 1 í 13 annir. Á haustönn 2020 útskrifaði skólinn 18 nemendur. Tveir þessara nemenda luku námi á 9 önnum, þ.e. á tilskildum tíma og níu nemendur luku námi á 10 önnum. Hinir sjö luku námi á lengri tíma.



Mynd 1 Útskrift vor 2020

Fjölmennasta útskriftin var að vori þegar 156 nemendur voru brautskráðir. Af þessum hópi voru 140 nemendur að ljúka námi á þremur árum frá upphafi framhaldskólanáms. Sex þessara 140 nemenda hófu framhaldsskólanám í öðrum skólum en MS en allir innrituðust í framhaldsskóla haustið 2017. Í stefnumiðaðri áætlun Menntaskólans við Sund er markmiðið að hækka hlutfall nemenda sem útskrifast á þremur árum (9 önnum) í 73% árið 2020. Þetta markmið náðist við útskrift vorið 2020 því hlutfall þeirra sem útskrifuðust eftir þrjú ár var 73%.

Útskriftir árið 2020	Vetrarönn 2019-20	Vorönn 2020	Haustönn 2020
Allir	5	156	18*
Piltar	4	66	9
Stúlkur	1	90	9

*þar af 4 sem luku námi á sumarönn



Námsárangur - námsvenjur

Auk þess markmiðs að fjölga útskrifuðum nemendum hefur skólinn sett sér að fjölga þeim sem ná lágmarkseinkunn og markmið skólans var að 93% nemenda næðu áföngum á hverri önn. Reyndin varð sú að 92% nemenda náðu lágmarki eða hærra í áföngum sem er sama tala og árið á undan.

Stefna skólans kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt, ástundi heiðarleg vinnubrögð og þjálfí með sér þrautseigju. Skólinn hvetur kennara til nýbreytni- og þróunarstarfs þar sem horft er bæði til innihalds náms og námsumhverfis. Í öllum áfangalýsingum í MS koma fram þekkingar, leikni og hæfnimarkmið sem unnið er út frá en í námsáætlun hvers áfanga kemur fram nánari útfærsla á náms- og kennsluháttum.



Mynd 2 Kynning á lokaverkefnum

Verkefnið „Nám í MS“ hefur það að markmiði að efla faglegt starf í skólanum og skoða og endurskoða jafnt og þétt skólastarfið. Spurt er hvað skólinn, kennrarar og nemendur geta gert til þess að efla námskraft nemenda, við hvaða aðstæður er líklegast að nám fari fram og hvaða áskorunum skólinn stendur frammi fyrir þegar kemur að því að byggja upp námskraft nemenda. Áskoranirnar voru ærnar þegar samkomutakmarkanir urðu til þess að allt nám við skólann og öll kennsla

fluttist yfir á netið og fjarnám varð normið. Í starfsmannakönnun vorið 2020 snuru nokkrar spurningar að Covid19 og þar kom m.a. fram að mikill meirihluti starfsmanna taldi sig hafa átt auðvelt með að aðlaga starfhætti sína að breyttu ástandi og meirihluti kennara taldi sig ná að halda nemendum virkum í fjarnáminu.

Nemendur í námsvanda

Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og menningarmálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í námsvali ásamt möguleika á að stýra námshraða sínum í takt við það álag sem þeim hentar. Þessar áherslur skólans birtast m.a. í skólanámskrá.

Skólinn býður nemendum sem ekki hafa náð lágmarksþiðnum um námsárangur og mætingu sérstakt námsúrræði til að mæta þörfum þeirra. Nemendur skrifa undir námssamning og tryggja sér þannig skólavist á næstu önn. Í stefnumiðaðri áætlun setur skólinn það markmið að 15% nemenda í námsframvinduúrræði nái sér á strik í námi á næstu önn. Þegar skoðað var hvort þetta markmið hefði náðst var miðað við að nemendur í úrræðinu hefðu uppfyllt lágmarksþröfur í þeim áföngum sem þeir voru í næstu önn á eftir. Á vetrarönn og vorönn náðu 14 nemendur í úrræðinu öllum áföngum sínum á næstu önn sem er betri árangur en búist hafði verið við. Hugsanlega hefur fjarnám hentað einhverjum hópi nemenda í þessu sérstaka úrræði betur en staðnám. Námsframvinduúrræðinu var ekki beitt á haustönn 2020 og á vetrarönn 2019-20 vegna samkomutakmarkana.



Nemendur í námsframvinduúrræði	Vetrarönn 2019-20	Vorönn 2020
Samtals	46	43
Fjöldi sem nær öllum áföngum á næstu önn eftir úrræðið	14	14
Hlutfall þeirra sem nær öllum áföngum á næstu önn eftir úrræðið	30%	33%

Mennta-og menningarmálaráðuneyti sér alfarið um tölfræðilega útfærslu á brottfalli en Menntaskólinn við Sund heldur fast utan um nemendur í vanda og fylgir þeim nemendum eftir sem segja sig úr námi. Flestir þeirra sem segja sig úr námi í MS fara beint í aðra skóla. Markviss vinna skólans gegn brotthvarfi skilar sér meðal annars í því að brotthvarf nýnema í MS er innan við 1%.

Nemendur yfir 18 ára aldri sem glíma við persónulega erfiðleika er sá hópur sem er líklegastur til að hætta alveg í námi. Sérstaklega á þetta við um nemendur sem ná ekki að klára námið á þremur árum. Úrræði skólans felast í því að ná til þessara nemenda og fá þá til að koma í skólann og sækja sér ráðgjöf og stuðning. Skólinn hefur samband við alla nemendur sem hætta námi í MS og leiðbeinir þeim við að sækja um nám annars staðar. Flestir halda áfram námi en þó ekki allir eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

Nemendur sem segja sig úr námi án þess að skrá sig í annað nám	Vetrarönn 2019-20	Vorönn 2020	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020-21
Nýnemar	1	0	2	2
Eldri nemar	1	0	2	2

Félagslíf nemenda



Mynd 3 Forsvarsfólk nemendafélagsins fundar


Félagslíf nemenda er mikilvægur þáttur í starfi Menntaskólans við Sund en á tínum samkomubanns hefur það verið afar takmarkað. Nemendur náðu að halda árshátíð sína í febrúar 2020 en eftir að samkomutakmarkanir vegna sóttvarna voru settar á var ekkert formlegt félagsstarf á skólaárinu. Haustið 2020 tók skólinn þá ákvörðun í samráði við stjórn SMS að bjóða nýnemum á skemmtikvöld í minni hópum í nýnemavikunni. Reynt var að skapa félagslíf og stemmingu innan þeirra stífu ramma sem sóttvarnareglur settu, nemendur héldu útvarpsviku sem heppnaðist mjög vel auk þess sem hlaðvarp og aðrir rafrænir kostir voru prófaðir,

m.a. í samstarfi við foreldraráð skólans. Í desember voru haldin skemmtikvöld fyrir nýnema með jólaívafi þar sem eldri nemendur sáu um að skemmta nýnemum í litlum hópum inni í kennslustofum.

Skólinn hefur, í samstarfi við áhugasama foreldra og foreldraráð, leitast við að hvetja nemendur til að taka þátt í félagsstarfi og að efla grásrótarstarf í félagslífinu. Félagslífið er nemendum dýrmætt og hefur mikið að segja varðandi skólabrag og velferð nemenda. Ljóst er að skólinn þarf að vera



meðvitaður og leita allra leiða til að endurvekja og efla félagslíf nemenda um leið og svigrúm myndast.



Mynd 4 Nemendur kynna lokaverkefni

Sumarskóli MS

Sú nýjung var tekin upp sumarið 2020 að MS stóð fyrir sumarnámi. Kenndir voru 8 áfangar og þáðu 64 nemendur sérstakt boð um þátttöku en 80 pláss voru í boði. Sumarskólinn stóð í fjórar vikur í júní með staðkennslu á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 8:30 - 10:30. Auk þess unnu nemendur sjálfstæð verkefni og kennarar sinntu þeim í fjarkennslu eftir þörfum. Skólinn gæti vel hugsað sér að bjóða aftur upp á sambærilegt sumarnám fyrir eigin nemendur sem vilja bæta sig í námi eða flýta fyrir sér.

Erlent og innlent samstarf

Innan MS hefur verið öflugt faglegt starf og kennarar og annað starfsfólk hefur einnig sótt ráðstefnur og farið í skólaheimsóknir og vettvangsferðir til annarra landa. Skólinn hefur haft mikið og gott samstarf við Evrópuþjóðir í gegnum Erasmus+ og voru nokkrar ferðir kennara og annars starfsfólks fyrirhugaðar á árinu 2020. Ekki varð þó af þeim sökum sóttvarnarreglna vegna

kórónaveirufaraldursins. Þegar við blasti að kennarar yrðu að gerast fjarkennrar fyrirvara laust var lögð áhersla á fræðslu um tæknimál og einnig hugmyndafræði um fjarkennslu. Boðið var upp á kynningar á aðferðum fyrir kennara á glærum með tali, rafrænum prófum og kennslumyndböndum og áfram var rætt um kennslufraeðilegar og tæknilegar áskoranir og lausnir sem kennarar hafa verið að glíma við í fjarnámi. Einnig ræddu kennarar um leiðir til að tengjast nemendum í fjarnámi og vekja áhuga og virkja. Auk þess var áfram hugað að innleiðingu leiðsagnarnáms og haldinn var streymisfyrirlestur um inntak og áhrif leiðsagnarnáms á námsmenningu í skólam.

Rekstrarþættir

Starfsmannahald og stjórnun

Starfsmannavelta er lílit í skólanum en þó verða ætíð nokkrar breytingar í starfsliði skólans.

Meðfylgjandi tafla sýnir t.d. að kennurum fjölgaði á haustönn frá skólaárinu á undan en hér er um fjölda kennara að ræða en ekki stöðugildi. Fjöldi starfsfólks á þjónustusviði er 15 allt árið.

Starfsfólk árið 2020	Vetrarönn 2019-20	Vorönn 2020	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020-21
Kennarar	56	56	60	61
Þjónustusvið	15	15	15	15
Námsorlof	0	0	1	1 (hálf önn)
Fæðingarorlof	1	0	2	2
Veikindaleyfi	3	3	1	2 (hálf önn)
Leyfi	0	0	0	0



Kennslumagn, kennsluyfirvinna og kennsluskipting.

Hópanýting í kennslu er afar góð, yfir 100% þegar öll kennsla er skoðuð. Vegna Covid 19 var tekin ákvörðun um að hafa hámarksfjölda í hópum haustið 2020, 26 nemendur, en meðalhópafjöldi í öllum bóklegum námsgreinum var 23,5, í listgreinum varð meðalfjöldinn 15,15 sem er lækkun um tæpan nemanda frá síðasta ári (var 16,2). Hámarksfjöldi í hóp í listgreinum er 17. Hlutfall listgreina í heildarkennslumagni haust 2020 er 9,2% en hlutfall nemenda í listgrein er lægra og kennslukostnaður listgreina haustið 2020 er 34,6% hærri en í bóklegum greinum vegna lægra hópaviðmiðs listgreina.

Mánaðarleg föst yfirvinna vegna kennslu í október 2020 var rétt um 1616 klukkustundir og hafði hækkað um 80 klukkustundir/mánuði frá sama tíma 2019. Á vetrar- og vorönn skólaárið 2020-2021 var kennslutengd yfirvinna minni vegna færri nemenda.

Á vorönn 2020 kenndi 61 kennari við skólann, 20 karlmenn og 41 kona. Fullgild kennsluréttindi höfðu 59 en tveir leiðbeinendur í hlustarfi með háskólapróf. Sjö kennrarar hafa lokið doktorsprófi, 37 MA-eða MS-prófi og 17 hafa lokið BA-prófi.

Haustið 2020 kenndu 60 kennrarar í skólanum, 23 karlar og 37 konur, öll með kennsluréttindi. Sex kennrarar eru með PhD eða sambærilegt, 39 kennrarar eru með framhaldspróf úr háskóla og sumir þeirra eru með tvöfaldan master. Það eru 15 kennrarar með BA/BS – próf og þar af eru nokkrir með diploma að auki eða tvöfalt BA próf.

Skólinn hefur á síðustu árum fengið utanaðkomandi aðila til að gera úttekt á nokkrum innri ferlum skólans og þeir verða áfram skoðaðir með tilliti til hins nýja kerfis. Áfram verður unnið með árangurstengingu eins og hún birtist í [stefnumótun ríkisaðila](#) eftir því sem hægt er. Einnig verður unnið áfram að því að gera upplýsingar um kaup og kjör gegnsærri og stefnt er að því að innleiða jafnlaunavottun. Ferlar og verklag í MS eru í stöðugri endurskoðun og byggir aðgerðaáætlun á [vtramati](#) á skólanum.

Nýting húsnæðis og framkvæmdir

Töf á formlegri afhendingu nýbyggingar til skólans sem og gallar á nýbyggingu hafa tekið á stjórnendur. Það er dapurlegt að miklar lekaskemmdir hafa komið fram á nýbyggingu en viðgerðir á þaki hófust haustið 2020. Formleg afhending húsnæðisins bíður enn.

Skólinn setti sér það markmið í stefnumiðaðri áætlun sinni að draga úr umhverfisspori MS með því að draga úr notkun á heitu vatni og rafmagni. Rafmagnsnotkun minnkaði umtalsvert eða 70.639 kwst þótt viðmiðið næðist ekki. Aftur á móti jókst notkun á heitu vatni. Ekki er ljóst af hverju sú aukning stafar og eftirlit með vatnsstreymi er ógagnsætt en skólinn mun leita skýringa á ástæðum aukinnar heitavatnsnotkunar. Það er skólanum kappsmál finna leiðir til að minnka umhverfisspor sitt.

Fjármál

Fjárhagsstaða skólans hefur ekki verið góð vegna uppsafnaðs halla sem má að mestu rekja til byggingartíma nýbyggingarinnar og of lágs framlagstil listgreinakennslu síðustu ár. Ráðuneytið hefur komið til móts við skólann og fékk skólinn aukafjárveitingu vegna hallarekstrar. Brýnt er að framlag til listgreina verði framvegis í samræmi við kostnað, að öðrum kosti stefnir í varanlegan hallarekstur skólans. Vegna fyrrnefndrar aukafjárveitingar og fjárveitingar vegna Covid19 hefur fjárhagsstaða skólans batnað. Þótt ekki sé búið að gera endanlega upp fjárhagsárið 2020 er gert ráð fyrir hagnaði.



Samantekt

Sóttvarnir og samgöngutakmarkanir einkenndu skólaárið 2020. Það var ýmist kennt í staðnámi eða fjarnámi og áhersla lögð á persónulegar sóttvarnir. Grímuskylda var tekin upp í staðnámi á haustönn en fljótegla fór skólinn aftur í fjarnám. Skólinn hefur starfað við óvenjulegar aðstæður og hefur mikið mætt á öllu skolasamféluginu. Hafa kennarar sýnt hugmyndaauðgi og nemendur seiglu og úthald við nýjar og síbreytilegar aðstæður. Því hefur skólanum tekist að framfylgja námskrá og stuðla að þroska og menntun nemenda þrátt fyrir andbyr vegna veirufaraldurs.

Reykjavík, 15. apríl 2020

Helga Sigríður Þórssdóttir

Helga Sigríður Þórssdóttir, rektor



Ágrip

Stærð skóla, nemendafjöldi og starfsmannafjöldi.

Skólinn er með um 700 nemendur, um 75 starfsmenn og húsnæðið er tæpir 7800 fermetrar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2020 voru 750.

Námsframboð og kerfi

Tvær námsbrautir, félagsfræðabraut og náttúrufræðibraut og námi lýkur með stúdentsprófi. Skólaárinu er skipt í þrjár lotur og viðmiðunarnámslengd er 9 lotur. Innritað og útskrifað þrisvar á ári.

Árangurstengd markmið

Skólinn setur stefnumiðaða áætlun í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skólinn náði flestum markmiðum sínum fyrir árið 2020 að hluta eða að öllu leyti.

Sjálfsmat og aðgerðaáætlun

Í upphafi skólaárs kynna stjórnendur sérstök [markmið og aðgerðir](#) skólaársins. Markmiðin eru sett og aðgerðaáætlun mótuð út frá niðurstöðum starfsmannakönnunar, sjálfsmati skólans, ytra mati og aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla.

Árlega skilar skólinn yfirliti yfir skólastarfið í [sjálfsmatsskýrslu](#) til ráðuneytisins.

Rekstrarstaða

Heildarútgjöld árið 2020 voru 1.066.000 milljónir króna

Brottfall

Brottfall nýnema var innan við 1% sem er í samræmi við stefnu skólans. Brottfall í heild er innan við 2%.

Stjórnun

Stjórnendur skólans eru Már Vilhjálmsson, rektor, Helga Sigríður Þórssdóttir, konrektor, Leifur Ingi Vilmundarson, kennslustjóri og Águst Ásgeirsson, námsbrauta- og námskrárstjóri.

Sérstaða

Allir nemendur taka áfanga í listgrein og áhersla er á skapandi greinar og umhverfisfræði. Kennarar sinna starfendarannsóknum og endurmenntun starfsfólks er fjölbreytt og þróttmikil.

